

2005 nr. 132 20. desember**Lög um fjarskiptasjóð**

Tóku gildi 30. desember 2005.

■ 1. gr. Fjarskiptasjóður.

□ Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir samgönguráðuneytið.

■ 2. gr. Hlutverk.

□ Hlutverk sjóðsins er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun, og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsfordendum.

■ 3. gr. Stjórn.

□ Samgönguráðherra skipar fimm menn í stjórn fjarskiptasjóðs, þar af formann og varaformann, auk varamanna. Skipunin gildir til þriggja ára í senn.

□ Stjórn sjóðsins skal hafa yfirumsjón með fjármálum fjarskiptasjóðs í samræmi við hlutverk sjóðsins. Stjórn sjóðsins er jafnframt verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar og skal hún skila skýrslu um starfsemi sjóðsins til samgönguráðherra sem leggur hana fyrir Alþingi til upplýsingar.

■ 4. gr. Fjármögnun verkefna.

□ Stjórnin ákveður framlög úr sjóðnum í samræmi við hlut-

verk sitt og fjarskiptaáætlun og semur greiðsluáætlun þar um innan heimilda fjárlaga. Stjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd einstakra verkefna, þar á meðal um faglegt eftirlit með verkefnum og framvindu þeirra. Stjórnin getur ákveðið tilfærslu fjármuna milli ára og/eða einstakra verkefna ef nauðsyn krefur.

■ 5. gr. Umsýsla og eftirlit.

□ Þeir sem fá úthlutað fé úr fjarskiptasjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

□ Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með framkvæmd verkefna sjóðsins sem njóta styrkja. Um framkvæmd útboða og eftirlit fer samkvæmt ákvæðum fjarskiptalaga.

■ 6. gr. Tekjur.

□ Tekjur fjarskiptasjóðs eru framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis og tekjur af ávöxtun fjármuna sjóðsins.

■ 7. gr. Kostnaður af rekstri.

□ Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni og allan kostnað Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefnum sjóðsins.

■ 8. gr. Reglugerðarheimild.

□ Samgönguráðherra er heimilt að kveða nánar á um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara með reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 588/2006.

■ 9. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi í árslok árið 2011, inneign sjóðsins eftir uppgjör verkefna við þau tímamót rennur í ríkissjóð.